



2511025 AS

**Reglur Bláskógaveitu
um styrki vegna varmadælna****1. gr.**

Bláskógaveita veitir fjárstyrk til eigenda fasteigna í Bláskógabyggð í því skyni að setja upp varmadælur sem draga úr notkun raforku til upphitunar á íbúðarhúsnæði. Styrkurinn er veittur til þess að styrkja eigendur og íbúa viðkomandi fasteigna til þess að setja upp varmadælu þar sem því verður ekki komið við að nýta hitaveitu tæknilega eða með hagkvæmum hætti fjárhagslega.

2. gr.

Þinglýstur eigandi fasteignar, þar sem er skráð lögheimili og föst búseta, getur sótt um styrk vegna uppsetningar varmadælu í íbúðarhúsnæði, enda sé um að ræða svæði þar sem dreifikerfi hitaveitu nær ekki til og viðkomandi fasteign nýtur niðurgreiðslu til húshitunar.

3. gr.

Bláskógaveita styrkir eiganda fasteignar um allt að 50% af útlögðum kostnaði við kaup og uppsetningu varmadælu. Kostnaður vegna lagningar eða breytingar á lögnum utan tæknirýmis er ekki styrkhæfur. Fjárhæð styrks frá Orkustofnun er dreginn frá útlögðum kostnaði áður en styrkfjárhæðin er reiknuð. Styrkur frá sveitarfélaginu getur ekki numið hærri fjárhæð en 700.000 krónum.

4. gr.

Bláskógaveita auglýsir eftir umsóknum um styrki og skal umsóknarfrestur vera til 1. maí ár hvert. Umsækjandi skilar inn styrkumsókn til Bláskógaveitu þar sem framkvæmdinni eru gerð skil. Umsóknin er lögð fyrir framkvæmda- og veitunefnd sem gerir tillögu um afgreiðslu til sveitarstjórnar. Berist fleiri umsóknir en rúmast innan samþykktra fjárheimilda skal dregið á milli umsókna.

5. gr.

Samþykktur styrkur er greiddur út þegar framkvæmdum er lokið og kvittanir, staðfesting á styrkveitingu Orkustofnunar og staðfesting á greiðslu styrks frá Orkustofnun til sama verkefnis hafa verið lagðar fram.

Bláskógabyggð, 10.12.2025

Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri